

Stjórn foreldrafélags Öldutúnsskóla 2014-2015. Fundur 4 – 23. mars 2015, kl: 019:45

Mættir: Ingibjörg, Snædís, Elín, Friðborg, Nikulás, Vilborg, Guðfinna, Ingveldur, Nikuáls, Valerie, Valdimar Víðisson skólastjóri.

1. Samtal við skólastjórnendur - Valdimar Víðisson skólastjóri

Niðurstöður kannana

Fram kom hjá Valdimar að niðurstöður Skólapúls voru jákvæðari en síðast. Líðan barna og samskipti við nemendur og kennara betri en það eru 6. til 10. bekkingar sem taka könnunina. Læsið er einnig á uppleið enda lestri verið vel haldið að þeim með t.d læsisbingó hjá yngri börnum og eldri börn lesa í skólanum á hverjum degi. Nátturufræðigreinar og stærðfræði koma einnig betur út en síðast. Einleittkönnun sýnir að krakkar séu meðvituð ánægð með Olweus stefnuna og er skólinn um landsmeðaltal. Niðurstöður í Skólapúls og Olweus könnunar verða kynntar foreldrum með fundum.

Skóladagatal

Vetrarfrí

Skóladagatalið fyrir næsta vetur er tilbúið. Lögð var fram spurning varðandi hvort vetrarfrí eigi að vera einu sinni eða tvisvar yfir veturinn. Skólaráð þarf að staðfesta og samþykka en kennarar/starfsfólk kys um þetta. Fulltrúar foreldraráðs mega koma með ályktun um þetta og skpaðist umræða um þetta og fleiri en færri á því að hafa tvö frí en eitt, þá til dæmis passar það betur fyrir þá sem eru með börn í framhaldsskólum.

Breyting á skólasetningu 24.ágúst 2015

Skólasetning og börnin eru með fullan dag eru áfram í skólanum en hafa hingað til mætt í skólasetningu og farið svo heim.

Starfsmannasamtöl

Samkvæmt Valdimar eru litlar breytingar á starfsfólki, bara eðlilegar breytingar og fólk þegar farið að sækja um fyrir næsta vetur svo það stefnir í eðlilega starfsmannaveltu.

Endurmenntun kennara

Teymiskennsla kennara verður efl og Háskólinn á Akureyri sér um endurmenntun í þessu. Reynslan af þessu er góð, og vinnuáætlaður kennar og barna til hins betra samkv. kennurum en þetta hófst hjá 1. bekk og 5. bekk í haust. Þetta þykir hjálpa til við ólíka hópa og efla félagslega og námslega stöðu nemenda. Teymiskennsla var hafin í fjórum árgöngum um áramót 6. 7. 8. og 9. bekk og það hefur reynst vel fyrir börnin og kennara. Stefnt að því að skólinn verður allur svona eftir ca 6-8 ár.

Lús

Rætt að erfitt virðist vera erfitt að koma fyrir lúsina. Reynt að höfða til foreldra að kema en allt kemur fyrir ekki.

Tillaga frá skólastjóra

Það kom fram tillaga um að kosið væri í foreldrafélagið að vori, þá liggur það fyrir fyrir

hverjir eru í stjórn og hægt að hefja starfið fyrr. Einnig myndu þá bekkjartenglar hefja störf fyrr. Það helsta sem gæti mælt á móti þessu að erfiðara gæri verið að fá fólk á fundi á vorin en þetta þekkist í öðrum skólum.

Foreldrarölt

Foreldrarölt hefur verið um 60% í vetur en það hefur verið starfrækt 12 af 20 föstudögum sem foreldraröltið á að vera. Yfirleitt rólegt á vaktinni en eitthvað hefur heyrst af kannabisreykingum í einhverjum hverfum og hefur þá verið markviss fræðsla í þessum hverfum um skaðsemi kannabisreykinga.

Jákvæðar fréttir

Valdimar sagði allt stefna í að Pisa könnun kæmi betur út en áður, góður hópur sem tók þá könnun að mati rannsakenda. Nemendur skólans stóðu sig vel í Skólahreysti og í spurningakeppni grunnskóla einnig. Þá hafa nemendur staðið sig mjög vel í danskeppnum. Nemendur og kennarar voru ánægðir með Þemadaga í mars.

Nikulás sagði gott að fá mætingaryfirlit nemenda rafrænt. Foreldrar fylgjast betur með þannig.

2. Vorhátíð foreldrafélagsins

Verður haldin föstudaginn 8. maí kl: 16:30 og Nikulás Sigfússon er með umsjón með henni. Hann sér um verðlaunapeningana fyrir víðavangshlaupið og gerir vaktaplan fyrir hátíðina en öll stjórnin tekur þátt og starfsfólk skólans einnig.

Hoppukastali: Snædís pantar tvo og sér um að ná í þá/fá þá á staðinn.

Víðavangshlaup: Friðleifur og María (foreldrar) sjá um það. Nikulás er með verðlaunapeningana.

Skemmtiatriði: Frá skólanum, Snædís talar við:Valdimar sér um að útvega það t.d. dansarar, hljómsveit, kórinn. Athugar með að fá hljómsveit úr skólanum.

Tónlist: Stjórnin útvegar ef ekki fæst hljómsveit frá skólanum.

Andlitsmálning: Snædís biður Valdimar að útvega nemendur í það. Penslar til í kassanum okkar í skólanum. Útvega nýja málningu í Hókus Pókus, Friðborg sér um það.

Veitingar: Bekkjartenglar látnir vita og þeir sjá um þetta. a) Pylsusala/kandíflos: 6. bekkur b) Kökusala: 8. bekkur

Starfsfólk skólans: Snædís biður Valdimar að fá starfsfólk, spurning að byrja kl: 16:30-18:30.

Mæting stjórnar: kl: 15:30

Auglýsingar: Snædís útbýr auglýsingu og sendir út.

3. Fræðslumál – nokkur erindi sem taka þarf afstöðu til

Borist hafði boð frá Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur um að halda fyrirlestur um hefndarklám og sexting „**Ber það sem eftir er**“. Búið var að finna tíma þann 27. apríl kl:20:00 í aðasal skólans. Fyrirlesturinn verður auglýstur vel og minnt á þetta. Valdimar verður beðinn að senda sms. Vodafone styrkir svo þetta kostar okkur ekkert. Samþykkt.

Blátt áfram – Snædís er búin að senda boð til þeirraum að fá fyrirlestur, verður rætt nánar þegar tilboð kemur. Kostnaður um 70.000.

Fjölbreytileiki einhverfunnar. Það kom ábending frá foreldri á Facebook síðu félagsins að fá fyrirlestur frá Aðalheiði Sigurðardóttur um einhverfu. Vegna anna kemst þetta ekki inná vörönn en mun verða skoðað næsta vetur.

3. Samþykkt um starfsemi frístundaheimila – umræða

Endurskoðun frístundaheimila. ÍTH sér um frístundaheimilin núna og búin að gera síðustu 2-3 ár. Eftir að könnun var gerð á meðal foreldra var samþykkitn gerð. Samþykktin lítur vel út en ef horft er raunhæft á hana vöknudu spurningar um fjármagn og rekstur til að standa undir þessu. Menntun og reynsla starfólks talið ábótavant enda erfitt að manna þessar stöður. Misræmi á menntunarkröfum og reynslu kennara og svo starfsmönnum frístundaheimila en mörg börn eru rúmlega 3 tíma á dag í frístund. Mætti skoða betra utanum hald þegar 6 ára krakkar eru að byrja í frístund og koma úr vernduðu umhverfi leikskólanna. Allt í einu eiga þau að sjá um sig sjálf, eiga t.d. ekki snaga og umgengnin eftir því.

6. Fréttir af fjármálum

Samkvæmt Ingibjörgu gjaldkera eru til 220.000 í sjóði, allt greitt og uppgert s.s. Marítafræðsla, jólaföndur ofl. Heimtur góðar af greiðsluseðlum. Það sem á eftir að greiða er Blátt áfram sem kostar um 70.000. Vorhátíð mun kosta um 100.000. Því ætti að vera til um 50.000 kr. í sjóði. Umsóknir um kaffihúsastyrki eiga eftir að koma inn.

7. Önnur mál

Kór Öldutúnsskóla – Brynhildur kórstjóri sendi fyrirspurn til foreldrafélagsins varðandi styrk vegna ferðar kórsins eða afmælistónleika hans en þeir er 50 ára. Rætt um að styrkja kórin, stjórninni finnst jákvætt að styrkja stórafmæli kórsins en þarf að skoða stöðu sjóðsins en áhersla hefði verið á fræðslu þetta árið. Málið verður rætt og afgreitt í gegnum tölvupósta.

Næsti fundur stjórnar boðaður: Mánudagurinn 20.apríl kl: 19:45.

Fundi slitið 21:23

Elín Ólafsdóttir, ritari